

**119. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn miðvikudaginn
3. apríl 2019 að Aðalstræti 10-12, Bolungarvík og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Smári Haraldsson (SH) formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) verkefnastjóri, Hulda Birna Albertsdóttir (HBA) starfandi forstöðumaður, Sigríður Gísladóttir (SG) og Þórir Sveinsson (ÞS).

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Fundargerðir NAVE.

Lögð fram fundargerð 118. fundar stjórnar NAVE frá 15. mars 2019.

Fundargerðin staðfest samhljóða.

ÞS lagði fram sem vinnuskjöl fundargerðir 112.-117. funda stjórnar NAVE með tillögum að breytingum á texta m.t.t. persónuverndarlaga.

Stjórnarmönnum falið að lesa skjölin yfir.

2. Persónuverndarmál.

Til samræmis við 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018 um hugsanlegan öryggisbrest við skráningu texta í fundargerðum stjórnar NAVE var tilkynning dags, 13. mars sl. send til Persónuverndar. Í svarbréfi Persónuverndar dags. 14. mars sl. kemur fram að: „Persónuvernd hefur farið yfir efni tilkynningarinnar og telur ekki tilefni til aðgerða af hálfu stofnunarinnar....“.

3. Verkefnastjóri NAVE.

Lagður fram ráðningarsamningur við Friðbjörgu Matthíasdóttur í tímabundið starf verkefnastjóra NAVE frá og með 1. apríl 2019.

Ráðningarsamningurinn samþykktur samhljóða.

4. Starfsmannamál.

Lagt fram svarbréf dags. 28. mars sl. frá Lögfræðistofu Reykjavíkur við erindi FÍN, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, dags. 5. mars sl. um starfsmannamál.

Málið fært í trúnaðarbók stjórnar NAVE.

5. Stefnumótun fyrir NAVE.

Lagt fram minnisblað frá fundi stjórnarformanns NAVE (SH) með framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu 20. mars sl. um stefnumótun fyrir NAVE.

6. Ársfundur NAVE 2019.

Samþykkt að boða til ársfundar NAVE 2019 föstudaginn 10. maí nk. á Þingeyri. Dagskrá verður send út síðar.

7. Viðbótarframlög úr ríkissjóði til NAVE.

Rætt um viðbótarframlag úr ríkissjóði sem féll niður í lok árs 2018.

Ákveðið að óska eftir fundi með umhverfisráðuneytinu vegna málsins.

8. Viðbótarframlög úr ríkissjóði til náttúrustofa á árinu 2019.

Rætt um 80 millj.kr. viðbótarframlag úr ríkissjóði til Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa landsins til vöktunar á náttúruverndarsvæðum sem eru undir miklu álagi vegna ferðamanna.

HBA lagði fram minnisblað frá Náttúrufræðistofnun Íslands um verkáætlun á vöktun náttúruverndarsvæða 2019 með athugasemdum frá Samtökum náttúrustofa (SNS). Kynnti hún stöðu málsins.

9. Önnur mál.

- a. Styrkveitingar og umsóknir. Rætt um verkefnastyrki úr Rannsóknarsjóði V-Barðastrandarsýslu, en umsóknarfrestur rennur út 1. maí nk. Friðbjörgu Matthíasdóttur var falið að skoða möguleika á umsókn frá NAVE um styrki úr sjóðunum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:40.

Smári Haraldsson (sign.).
Friðbjörg Matthíasdóttir (sign.).
Hulda Birna Albertsdóttir (sign.).
Sigríður Gísladóttir (sign.).
Þórir Sveinsson (sign.).